



ÖLFUS

Atvinna

Starfsmaður í sumarafleysingar óskast á heimili fatlaðs fólks að Selvogsbraut í Þorlákshöfn.

Starfað er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr.38/2018.

Helstu verkefni eru að veita íbúum stuðning í daglegu lífi þeirra, innan og utan heimilis.

Endurnýja þarf eldri umsóknir.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur svo sem þroskaþjálfamenntun, félagsliða- eða stuðningsfulltrúanám
- Góð almenn menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og lipurð í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð er skilyrði

Í boði er fjölbreytt starf 40-60 % sem unnið er á þrískiptum vöktum og aðra hvora helgi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og FOSS.

Umsóknarfrestur er til 7/6/22

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jóhannsdóttir, kolbrun@olfus.is eða í síma 483-3844.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.